

**Stjórn byggðasamlags UTU - 107. fundur
haldinn á Flúðum, miðvikudaginn 27. mars 2024
og hófst hann kl. 10:30**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Samþykktir UTU og gjaldskrá

Farið yfir drögin að breyttum samþykktum UTU sem voru send til aðildarsveitarfélaganna til fyrri umræðu eftir 106. fund stjórnar. Á milli umræða mun gjaldskrá seyruverkefnisins verða endurskoðuð.

Lagt fram til kynningar

2. Dreifingarsvæði

Tölvupóstur frá Landi og skógi lagður fram til kynningar þar sem farið er yfir möguleg dreifingarsvæði.

Umræður um mikilvægi þess að tryggt dreifingarsvæði sé fyrir verkefnið næstu árin og skoða þurfi betur þau svæði sem koma til greina.

Lagt fram til kynningar.

3. Leiðbeiningar vegna úthlutunar úr Landbótasjóði 2024

Bréf frá Landi og skógi lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

4. Seyrustaðir skoðunarferð

Stjórn fór í skoðunarferð að Seyrustöðum og fór Atli starfsmaður verkefnisins yfir tækjabúnað og fleira. Umræður um að það þurfi að fara að endurnýja kalkarann, starfsmenn munu skoða hvernig kalkarar eru í boði og hvaða útfærsla henti best m.a. með tilliti til aukinna umsvifa á Seyrustöðum og eru jafnframt að kanna möguleika á aðgengi að lyftara í stað þess að kaupa hann.

Stjórn samþykkir að bíða með kaup á lyftara sem samþykkt var á 106. fundi stjórnar undir 4. dagskrárlið þar til búið er að kostnaðargreina möguleg kaup á kalkara. En heimilar áður samþykkt kaup á nauðsynlegum verkfærum fyrir Seyrustaði, áætlað er að þau kosti um 600.000 kr.

Samþykkt

5. Önnur mál

Gert ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði í byrjun apríl þar sem m.a. verður farið yfir ársreikning embættisins.

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00

—

Helgi Kjartansson

Walter Fannar Kristjánsson

Björn Kristinn Pálmarsson

Jón Bjarnason

Haraldur Þór Jónsson

Ísleifur Jónasson

Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson